

gallerí  
KLAUSTUR  
2012

SOFFÍA SÆMUNDSDÓTTIR

DALVERPI, MINNINGAR  
OG FUNDNIR HLUTIR

15.6. - 8.7.



Á sýningunni eru teikningar og málverk þar sem unnið er með minningar og fundna hluti. Um sýninguna segir Soffía:


„Ég dvaldi í Gunnarshúsi að Skriðuklaustri í Fljótsdal vorið 1999 og vann að sýningunni *Dalbúarnir*.

Sá tími sem ég dvaldi þar er mér mjög minnisstæður. Síðar hafa farið fram miklar fornleifarannsóknir á sögu staðarins og ýmislegt fundist sem forvitnilegt er að skoða nánar.“

*The works on this exhibition are drawings and paintings where the artist has worked with memories and discovered objects or items. The artist describes this so:*

*“In spring 1999 I spent time in the home of Gunnar Gunnarsson at Skriðuklaustur in Fljótsdalur Valley working on the exhibition Dalbúarnir (The People of the Valley).*

*That time at Skriðuklaustur is memorable for me but since then a great excavation and research on the history of the cloister site has been achieved. Many interesting things have been discovered which can be curious to investigate further.”*



## VERKIN Á SÝNINGUNNI

**Helgur staður:** Ferðalangar koma að helgum stað, óafvitandi fara þeir sér hægar, hvíslast á í þokunni sem er að leggjast yfir. Læðast löturhægt áfram og eins og halda niðri í sér andanum til að trufla ekki helgi staðarins.

**...bjargvættur:** Könnuður kemur að landi. Leitar staðar þar sem hægt er að komast í skjól og hefur með sér mikilvæga sendingu sem má ekki glatast. Hann er mikilvægur boðberi nýrra tíma.

**Dalverpi:** Í hverri flís býr lítil saga. Þó máð sé af tímanum og rist smásprungum má þó greina ef vel er að gáð lítil dalverpi sem gætu geymt sína sögu ókunn öðrum en þeim sem horfnir eru á braut.

**Straumar:** Þoka, dalalæða, gufa, rigning, mistur. Þannig eru minningar. Þær leiða og laða fram myndir, þokukenndar en stundum skýrar.



SOFFÍA SÆMUNSDÓTTIR er fædd í Reykjavík 1965. Hún stundaði nám við Wiener Kunstschule í Austurríki og Myndlistarskólann í Reykjavík áður en hún fór í Myndlista- og handiðaskóla Íslands þaðan sem hún brautskráðist 1991. Árin 2001-2003 stundaði hún nám í málun í Mills College í Kaliforníu og veturinn 2009-2010 nam hún listkennslu við Listaháskóla Íslands.

Soffía hefur starfað að myndlist síðastliðinn áratug og staðið fyrir og tekið þátt í einka- og samsýningum heima og erlendis. Hún vinnur jöfnum höndum málverk, teikningar og grafík og í verkum hennar má oft finna ákveðna tengingu við liðinn tíma og sögu. Hún býr á Álftanesi en er með vinnustofu í Hafnarfirði. Sjá nánar á [www.soffias.is](http://www.soffias.is)

#### SÍÐUSTU EINKASÝNINGAR / *Solo exhibitions*

- 2009 Vistaskipti - Galleri Krebsen, Danmörku
- 2009 Artótek - Borgarbókasafnið - Grófarhús, Íslandi
- 2008 Sumarganga - Munaðarnes, Íslandi
- 2006 Einskonar landslag - Ketilhúsið, Akureyri, Íslandi
- 2006 Rætur - Gallerí Fold, Íslandi

#### SÍÐUSTU SAMSYNINGAR / *Joint exhibitions*

- 2011 Glimt fra Island - Sagoy Gallery, Íslandi
- 2009 40 ára afmælisýning ÍG - Norræna húsið, Íslandi
- 2008 50 hafnfirskir myndlistarmenn - Hafnarborg, Íslandi
- 2007 Nord Art - KIC - Kunst in der Karlshütte, Þýskalandi
- 2007 IS/NL - Íslensk grafík, Íslandi
- 2006 Real Beauty - Louisiana Contemporary Art Centre, USA